

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2021.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, og framhaldsskóla, nr. 92/2008 (fagråd eineltismála). 151. löggjafarþing 2020-2021. Þingskjal 1195 – 716. mál. Stjórnarfrumvarp.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um grunnskóla og framhaldsskóla (fagråd eineltismála). Frumvarpinu er ætlað að styrkja lagalegan sess fagråðs eineltismála, heimild ráðherra til að fela Menntamálastofnun eða öðrum aðilum að sinna verkefninu, kveða á um heimild ráðsins til að vinna með persónuupplýsingar og mæla fyrir um afhendingu gagna. Að mati félagsins er hér um að ræða mikilvægar og þarfar breytingar.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur ítrekað bent á mikilvægi faglegs stuðnings á öllum skólastigum sem byggir á heildarnálgun, viðeigandi farvegi og félagsráðgjöf í skólstarfi. Með því að efla skólstarfið í þágu barna og fjölskyldna með þverfaglegri þjónustu verður jafnframt stuðlað að aukinni hagræðingu í skólakerfinu. Eineltismál eru flókin viðureignar og kalla á faglega nálgun og stuðning. Jafnframt er mikilvægt að skólasamfélagið geti leitað út fyrir skólann þegar slík mál sigla í strand. Með fagråði eineltismála fyrir grunnskóla árið 2011 og framhaldsskóla árið 2016 voru stigin mikilvægt skref til að styðja við meðferð eineltismála. Þannig geta foreldrar og skólar óskað eftir aðstoð fagråðsins sem veitir stuðning með almennri ráðgjöf, leiðbeiningum og upplýsingagjöf. Jafnframt er hægt að vísa eineltismálum til fagråðsins ef ekki tekst að finna fullnægjandi lausn eða vegna aðgerðaleysis af hálfu skóla og sveitarfélags. Í þeim tilvikum gefur fagråðið ráðgefandi álit og ekki hægt að skylda viðkomandi skóla eða sveitarfélag að fara eftir þeim. Ef aðilar eru ekki sáttir við niðurstöðu ráðsins eða að ekki er farið eftir álitinu þess, geta aðilar kvartað til ráðuneytis í ljósi eftirlitsskyldu þess, að öðru leiti er ekkert frekar aðhafst. Það vantar frekari valdheimildir til fagråðsins til að tryggja úrlausn mála í samræmi við tillögur þess. Til samanburðar má nefna að í Svíþjóð eru eftirlitsstofnanir sem börn og foreldrar geta skotið málum sínum til og þær eru með möguleika á að sekta sveitarfélög og veita bætur til barna þegar ekki er farið eftir ráðum stofnunarinnar. BEO (Barn och elevombudet) <https://beo.skolinspektionen.se/> og <https://www.skolinspektionen.se/> eru aðilar sem geta komið að málum barna sem verða fyrir einelti í Svíþjóð.

Litið er á skólann sem undirstöðu velsældar einstaklings og samfélags en samhliða nýrri og breyttri skólastefnu um skóla án aðgreiningar hefur félagsmótunarhlutverk skóla aukist og víkkað. Kjarnahlutverk kennara er að styrkja námsþroska og uppeldi skólabarnsins en vaxandi hlutfall greininga vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda hefur áhrif á starf kennarans og líðan skólabarnsins¹ auk nýrra áskorana vegna vaxandi fjölbreytileika í nemendahópnum sem krefjast sérþekkingar.

¹ Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar (2017). Nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara (skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi grunnskólakennara). Reykjavík: höfundur.

Vert er að hafa í huga að skólastjórnendur hafa bent á að sérfræðinga skorti innan veggja skóla til að fást við vandamál nemenda, s.s. félagsráðgjafa².

Til að tryggja jöfn tækifæri allra til náms þarf að bæta faglega þjónustu við nemendur á öllum skólastigum, liður í því er að tryggja aðgang að félagsráðgjöf. Þar má sérstaklega nefna þjónustu við börn í viðkvæmri stöðu s.s. vegna námsörðugleika og jaðarstöðu í félagahópnum sem tengist fátækt og einelti, menningarmun eða vegna áfalla í fjölskyldu, svo sem skilnaðar og andláts. Þannig verði félagslegum og persónulegum vanda nemenda sinnt á markvissari hátt í gegnum kerfasamstarf við aðrar velferðarstofnanir um leið og unnið er að forvörnum. Aukið fagafl innan skóla er til þess fallið að létta álagi á kennurum og gera þeim kleift að einbeita sér að kennslu. Með auknum fagstyrk innan skóla er jafnframt komist nær því að tryggja þau mannréttindasjónarmið að allir fái jöfn tækifæri til náms. Einnig þarf að tryggja viðeigandi farveg eineltismála þegar úrræði skóla og sveitarfélags duga ekki til og veita fagráði eineltismála nauðsynlegar valdheimildir svo börn fái úrlausn sinna mála.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Félagaráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
Formaður

² Sjá t.d. skýrslu Innri endurskoðn Reykjavíkur. (2019). Grunnskólar Reykjavíkur. Úthlutun fjárhagsramma og rekstur. Sótt 29.4.2021 af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/ie18050002_-_grunnskolar_reykjavikur_uthlutun_fjarhagsramma_og_rekstur.pdf